

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

8. tbl., 7. árg., 28. apríl 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Hörgárbyggð

Kjörskrá

Kjörskrá Hörgárbyggðar vegna kosninga til Alþingis 12. maí 2007 mun liggja frammi á skrifstofu Hörgárbyggðar frá og með 2. maí 2007 til kjördags.

Athugasemdir við kjörskrána skulu sendar skrifstofu Hörgárbyggðar.

Sveitarstjóri

Hörgárbyggð

Kjörstaður, kjörfundur

Kjörfundur fyrir Hörgárbyggð vegna Alþingiskosninga 12. maí 2007 verður í **Hlíðarbæ**.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00.

Fram að kjördegi eiga utankjörfundaratkvæði kjósenda í Hörgárbyggð að berast til formanns kjörstjórnar, Guðmundar Víkingssonar, Garðshorni, þelamörk. Síminn hjá honum er 462 6872. Á kjördegi er tekið við utankjörfundaratkvæðum á kjörstað. Þau verða að berast þangað fyrir lok kjörfundarins.

Kjörstjórn Hörgárbyggðar

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Merki Hörgárbyggðar

Á fundi sveitarstjórnar 18. apríl sl. var ákveðið að merkið hér til hægri verði byggðarmerki Hörgárbyggðar. Merkið er teiknað af Jóhanni H. Jónssyni, teiknara.

Merkið mun á næstunni birtast á umslögum, bréfsefni og slíku frá sveitarfélaginu. Það verður skráð hjá Einkaleyfisstofu. Á heimasíðu hennar er ýmis fróðleikur um byggðarmerki, sjá www.els.is/ (smelltt vinstra megin á [Byggðarmerki](#)).



Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. maí 2007 í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 14. maí og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma

Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er mánudaginn 14. maí 2007

Minnt er á að alls ekki má setja baggaplast í gáma fyrir almennan úrgang

Aðalfundur Veidifélags Hörgár og vatnasvæðis hennar

*verður haldinn í Þelamerkurskóla fimmtudagskvöldið 3. maí nk. kl. 20:30.
Auk venjulegra aðalfundarstarfa verða lögð fram til samþykktar endurskoðuð
lög félagsins.*

Félagsmenn hvattir til að mæta.

Stjórnin

